


Sjálfsmatsskýrsla Brúarásskóla 2024-2025


Líðan nemenda

Sá þáttur sem unnið hefur verið með hvað mest í Brúarásskóla undanfarin misseri er líðan nemenda. Því miður hafa kannanir Skólapúlsins leitt í ljós að allt of margir nemendur í 6. til 10. bekk glíma við vanlíðan. Það þarf auðvitað ekki að tíunda það hversu neikvæð áhrif hverskonar vanlíðan getur haft á nám nemenda og skólastarfið í heild. Þessvegna leggur starfsfólk hér í Brúarási sig allt fram alla daga til þess að reyna að bæta þennan þátt. Það getur verið flókið og erfitt en við höfum þó trú á því að það skipti höfuðmáli að reyna að bæta líðan þeirra nemenda sem á þurfa að halda.



Grafið hér að ofanverðu sýnir hvernig nemendur í Brúarási meta sína vellíðan í samanburði við landið í heild. Nokkrar spurningar liggja að baki þessum matsþætti og þar á meðal er spurt um depurð.


2.3.3 Dapur



Eins og sjá má svara um 26% nemenda í Brúarásskóla því til að þeir séu oft eða mjög oft daprir. Það er sannarlega of hátt hlutfall og við viljum lækka það verulega á næstu mánuðum og misserum.

Tíðni eineltis er að sjálfsögðu áhrifaþáttur fyrir líðan nemenda og því miður mældist tíðnin alltof há í fyrra haust eins og fjallað var um í sjálfsmatsskýrslu síðasta árs.


2.5. Einelti – Ársmeðaltöl



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

Ljósíð í myrkrinu er þó að tíðni eineltis mældist heldur lægri síðastliðið vor og færðist nærri landsmeðaltali.

2.5. Einelti – Innan skólaárs*




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli mánaða í samanburði við þróunina í viðmiðunarhópnum.

Vonandi tekst að vinda enn meira ofan af þessari meinsemd á þessu skólaári og við bindum sérstaklega vonir við það að ýmislegt sem við erum að gera hjálpi okkur við það. Þar ber fyrst að nefna að við erum farin að vinna enn skipulegar að *farsæld barna* undir stjórn verkefnastjóra sérkennslu sem leiðir það verkefni innan okkar skóla. Því fylgja fleiri fundir þar sem leitað er að leiðum til úrbóta þegar kemur að hegðun, líðan og námi nemenda. Í öðru lagi höfum við aukið hlutfall sérkennslu í skólanum og meðal þess sem nýr sérkennari sinnir er kennsla og þjálfun í félagsfærni. Í þriðja lagi höfum við tekið upp sérstaka einstaklings viðtalstíma umsjónarkennara í 6.-8. bekk og 9.-10. einu sinni í viku þar sem við ætlum að freista þess að fá nemendur til að ræða opinskátt bæði um líðan sína og nám sitt. Við viljum þannig reyna að komast nær rótum vandans hjá hverjum og einum því kannanirnar einar og sér hjálpa okkur ekki við að laga líðan nemenda. Við höfum trú á að það þurfi einstaklingsmiðaða nálgun til þess og við ætlum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að finna hvernig hægt sé að koma til móts við þessa nemendur sem eru að glíma við erfiðleika. Umsjónarkennarar auk skólastjóra og tengiliðar farsældar koma allir að því að vinna í þessum þætti sem við höfum lagt mikla áherslu á bæði í undirbúningi þessa skólaárs og á þeim tíma sem liðinn er af skólaárinu. Við erum stöðugt að meta þennan þátt á kennarafundum og velta upp hugmyndum um hvað við getum gert betur.

Nám og kennsla

Kennarar í Brúarásskóla luku í fyrra vor þriggja ára þróunarstarfi í leiðsagnarnámi undir stjórn Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Það má rökstyðja það að samþættingarverkefnið *Brúin* sem er leiðarstef skólastarfsins í Brúarási henti ágætlega til þess að nýta aðferðir leiðsagnarnámsins og hugmyndafræðin er að stórum hluta til sú sama og hér hefur tíðkast. Það að reyna að höfða til áhugahvatar nemenda og temja þeim ábyrgð á eigin námi er til að mynda samofið *Brúnni*. Því miður kom þátturinn „Trú á eigin námsgetu“ þó ekki nægilega vel út í Skólapúlsinum síðastliðinn vetur og við viljum svo sannarlega sjá þennan þátt hækka eins og fleiri sem snúa að áhuga og ástundun í námi. Í þeim þáttum eins og fleirum sem snúa að skólastarfi eru breyturnar mun fleiri en skólinn einn og sér getur stjórnað. Heimilin og samfélagið geta haft mjög mikil áhrif á hvert áhugi nemenda beinist og hvernig tekst að viðhalda honum.



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

Það er ekkert launungamál að hátt hlutfall nemenda í 6.-10. Bekk Brúarásskóla glímur við lestrarerfiðleika og það er vissulega hættu á því að slíkir erfiðleikar geti haft neikvæð áhrif á viðhorf til náms og ekki síður sjálfstraust í þeim efnum. Það er okkar hlutverk að koma til móts við þessa nemendur og við teljum okkur vera að gera það á öflugri hátt nú í vetur en hingað til. Við höfum frá því í haust haft þrjá stuðningsfulltrúa hér í Brúarásskóla í stað tveggja og þar sem námshóparnir í

skólanum eru þrír með 1.-5. bekkur. 6.-8. bekkur og 9.-10. bekkur getum við nú haft stuðningsfulltrúa í hverjum hópi. Það ber að þakka Fjölskylduráði Múlapings fyrir að taka vel í þá beiðni skólastjóra Brúarásskóla síðastliðið vor að auka við stuðning innan veggja skólans. Með ákveðinni endurskipulagningu tókst ennfremur skapa rými til þess að ráða inn sérkennara fyrir þennan vetur og það gerir okkur kleift að koma betur til móts við þarfir nemenda og ekki síst þá sem eiga undir högg að sækja. Allir kennarar hafa tekið þátt í því að aðlaga námsefni að nemendahópnum og sérkennari og tengiliður farsældar hafa veitt kennsluráðgjöf gagnvart nemendum með sérþarfir. Í þessum efnum höfum við þurft að samræma okkar nálgun og erum stöðugt að reyna að bæta hvernig við komum til móts við okkar fjölbreytta nemendahóp. Skólastjóri, sérkennari og tengiliður farsældar hafa fundað um þessi mál bæði með kennurum og án og þetta er verkefni í miklum forgangi því við erum með hátt hlutfall nemenda með sérþarfir. Á endanum er það skólastjóri sem ber ábyrgð á þessum þætti skólastarfsins. Við munum í vor meta á kennarafundi hvaða árangri við höfum náð á þessu sviði.

Skólamötuneyti Brúarásskóla

Frá nýliðnu hausti tók Múlaping alfarið við rekstri mötuneytis Brúarásskóla. Áður hafði Foreldrafélag Brúarásskóla séð um öll innkaup og innheimtur á fæðisgjaldi. Breytingarnar haldast auðvitað í hendur við það að frá og með þessu hausti eru skólamáltíðir í grunnskólum ókeypis. Í kjölfarið á þessari breytingu var tekin gagnrýnin umræða innanhúss um hvaða breytingar hægt væri að gera til að gera skólamáltíðir hollari. Skólastjóri tók einnig þá umræðu upp á Foreldrafélagsfundi á haustdögum. Rétt er að taka það fram að mikil ánægja hefur verið meðal nemenda með matinn í skólamötuneytinu og það hefur alltaf sýnt sig í Skólapúlsinum. Hins vegar er ljóst að fæða á borð við unna kjötvöru og hveiti og sykur er eitthvað sem við sem Heilsueflandi skóli ættum að reyna að sneiða meira hjá en verið hefur. Um þetta skapaðist nokkur samhljómur og nú hefur verið mörkuð stefna um að draga eins mikið úr notkun á einföldum kolvetnum og unninni kjötvöru og mögulegt er. Þegar hafa verið gerðar nokkuð áhrifamiklar breytingar í þessa ár. Við ætlum þó áfram að gera undantekningar þegar það á við eins og eflaust flestir skólar. Þar má t.d. nefna hangikjöt á litlu jólunum og saltkjöt á sprengidaginn. Þetta eru nærtæk dæmi um matarhefðir sem við metum að séu mikilvægar þótt við breytum og bætum hversdagslega matarmenningu í Brúarási.

Skólastjóri ber ábyrgð á þessum breytingum í góðu samráði við matráð en við munum á starfsmannafundi í vor meta stöðuna og hvað og hvernig við getum haldið áfram að auka hollustu þess matar sem mötuneytið býður uppá.

Almennt um skólastarfið, skólabrag og skólahefðir

Það eru ýmsar áskoranir í öllu skólastarfi en undirritaður er afar stoltur af því hvernig starfsfólki Brúarásskóla hefur tekist að mæta flóknum áskorunum undanfarin misseri. Það þarf ekki að koma neinum á óvart að það hefur orðið talsverð fólksfækkun undanfarna áratugi innan þess svæðis sem telst vera skólahverfi Brúarásskóla. Heildarfjöldi nemenda í Brúarásskóla er nú 48 og þar af eru nemendur leiksskólans 8 talsins. Nemendur grunnskólans eru því 40 en 18 þeirra eru ekki með lögheimili innan skólahverfis Brúarásskóla. Samfélagið á Fljótsdalshéraði hefur breyst talsvert á síðustu áratugum en Brúarásskóla hefur tekist að aðlagast þessum breytingum. Það hygg ég að þakka megi starfsfólkinu og skólasamfélaginu. Við sem störfum í Brúarásskóla reynum þó að sjálfsögðu vera gagnrýnin á skólastarfið í þeim tilgangi að bæta það og það er eins og allir vita einkenni góðra skóla. Við erum sífellt að leita að nýrra leiða til að mæta þörfum nemenda á sem farsælastan hátt. Við erum þakklát fyrir það góða samstarf sem við eigum með fagfólki innan ALL teymisins og það hefur á undanförunum árum oft riðið bagga muninn við það að ná að leysa úr vanda einstaka nemenda. Við erum meðvituð um að það fer talsverð orka og tími í þetta starf af hálfu farsældarfulltrúa og umsjónarkennara hér í Brúarási en engu að síður hefur þetta gefið góða raun í langflestum tilfellum. Starfsfólk Brúarásskóla er stolt af ýmsum sterkum hefðum sem hér hafa skapast í skólastarfinu og mig langar örfáa þætti sem ég hygg að skapi skólanum dálitla sérstöðu. Í fyrsta lagi eru það söng og danstímar sem eru vikulega á stundaskrá nemenda. Við erum sannfærð um jákvæð áhrif þess að gera söng og dans að sjálfsögðum hluta skólavikunnar í Brúarási. Við höfum trú á að það að dansa og syngja saman efli nemendur félagslega og auki samkennd innan nemendahópsins. Í öðru lagi leggjum við mikið upp úr metnaðarfullri uppfærslu á leik- og söngverki á hverju ári á árshátíð Brúarásskóla. Mörg undanfarin ár höfum við fengið Ingunni Snædal fyrrverandi kennara hér við skólann til að skrifa leikverk kringum tónlist sem starfsfólk Tónlistarskóla Norður Héraðs velur og er tilgangurinn að allir nemendur skólans fái hlutverk við hæfi. Þetta árlega stórvirki tekur talverðan tíma og orku hér innanhúss

en það hefur ríkt samstaða um það hingað til að þessi vinna sé gríðarlega mikils virði fyrir nemendur. Við höfum séð mörg dæmi um einstaklinga sem hafa blómstrað i kringum uppsetningu á árshátíðinni og það gefur í mörgum tilfellum ótrúlega mikið inn í skólastarfið og skólabraginn. Til viðbótar við þetta langar mig líka að nefna Legókeppnina sem við sendum keppnislið í árlega og leggjum mikinn metnað í og svo að lokum haustferðina sem við förum i með 6.-10. bekk. Þetta haustið gengum við með hópinn frá Seyðisfirði til Loðmundarfjarðar þar sem við gistum og gengum svo daginn eftir yfir til Húsavíkur þar sem rúta sótti okkur. Allt þetta sem ég hef nefnt hér stuttlega lítur að því að efla nemendur félagslega og veita þeim tækifæri til að auka sjálfstraust sitt innan jafningjahópsins. Það teljum við vera gríðarlega mikilvægt og jafnvel aldrei mikilvægara en nú. Brúarásskóli hefur verið símalaus skóli frá því haustið 2023 og það er líka liður í því að efla nemendur félagslega. Starfsfólk er mjög ánægt með þessa stefnubreytingu en það er mest um vert er að komið hefur í ljós að nemendur eru enn fremur jákvæðir gagnvart símalausum skóla og gera sér grein fyrir að þetta hefur stuðlað að auknum félagslegum samskiptum og meiri virkni nemenda í leik og starfi. Þegar allt starfsfólkið í Brúarási hefur rýnt saman í það sem betur mætti fara í skólastarfinu og eins það sem við ættum að halda sem fastast í hafa allir þessir þættir verið nefndir sem hér er tæpt á að framan. Það er á ábyrgð skólustjóra að halda þeim hefðum við sem starfsfólkið er sammála um að standa vörð um. Það er forsenda framþróunar og umbóta í skólastarfinu að greina þarna á milli. Á síðustu árum höfum við fórnað hefðum á borð við árlega menningar- náms og skemmtiferð til Akureyrar og svokallaðri þrettándagleði í Brúarási. Í báðum tilfellum var komin upp mikil þreyta gagnvart þessum hefðum og því var ákveðið að leggja þær til hliðar. Við höfum svo undanfarin þrjú ár reynt að skapa nýja hefð sem eru svokallaðir Brúarásleikar þar sem foreldrar og nemendur reyna með sér í ýmsum leikjum og íþróttum. Það hefur verið tilfinning starfsfólks að þessi hefð hafi skapað jákvæða upplifun fyrir foreldra og nemendur en reynslan verður að leiða í ljós hvort þessi hefð lifir til lengri tíma.

Samantekt úrbótaáætlunar 2024-2025

1. Stefnt er markvisst að því að bæta líðan nemenda Brúarásskóla

Reynt verður að meta áhrif einstakra aðgerða í þessa veru í lok skólaársins til að hægt sé að taka afstöðu til næstu skrefa. Ábyrgðin er fyrst og fremst hjá skólastjóra en umsjónarkennarar, sérkennari og tengiliður farsældar hafa mest að segja um útfærslur og leiðir.

2. Leitað verður allra leiða til að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp.

Í vetur verður lögð áhersla á að efla trú nemenda á eigin námi og styðja enn betur við nemendur með sérþarfir. Þegar eru í gangi ýmsar tilraunir til að koma betur til móts við einstaka nemendur í vanda hverskonar. Árangurinn af þessu verður að meta að hluta til mjög reglulega en í vor næst vonandi enn betri yfirsýn á hvað hefur gengið vel og hvað illa. Skólastjóri ber ábyrgð á þessum þætti með hjálp tengiliðar farsældar og sérkennara en þetta umbætur verða aldrei framkvæmanlegar nema með sameiginlegu átaki kennara og stuðningsfulltrúa.

3. Hollari matur í mötuneytinu.

Breytingar hafa nú þegar verið gerðar í þessa átt. Sú leið verður áfram fetuð en við munum þó reyna að gera breytingarnar hægt og rólega því ef of geyst er farið er líklegt að það geti valdið neikvæðni í garð þess sem sannarlega ætti að teljast jákvætt fyrir alla. Skólastjóri og matráður bera ábyrgð á þessum þætti.

4. Við ætlum að standa vörð um jákvæðan skólabrag og innihaldsríkar hefðir.

Það er fátt mikilvægara fyrir bæði starfsfólk og nemendur en að gleði og jákvæðni séu samofin skólastarfinu. Það er auðvitað engin leið til þess að gulltryggja slíkt en við vitum þó að það eru ýmsar leiðir til að ýta undir þetta.

Starfsmannahópurinn mun í vor meta hvaða hefðir eru að skila inní skólastarfið jákvæðum straumum og hverjar jafnvel ekki. Skólastjóri ber svo ábyrgð á því hvaða hefðir halda velli.

Lokaorð

Við sem störfum í Brúarásskóla viljum halda í það sem vel hefur gengið í skólastarfinu og byggja ofan á það til framtíðar. Við erum bjartsýn á framtíð skólans þótt blikur séu á lofti í byggðaþróun í því skólahverfi sem skólinn tilheyrir. Reynslan hefur sýnt að skólinn getur vel sinnt nemendum víða að af Fljótsdalshéraði og það hefur hingað til reynst full þörf á því.

Virðingarfyllt

Ásgrímur Ingi Arngrímsson

Skólastjóri Brúarásskóla